

Úthlutunarreglur fyrir forvarnar-, ræktunar- og þróunarsjóð Bændasamtaka Íslands

1. gr.

Nafn og heimili

Nafn sjóðsins er Forvarnarsjóður búgreina. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er alfarið í eigu Bændasamtaka Íslands.

2. gr.

Tilgangur

Hlutverk sjóðsins er að ráðstafa fjármunum til búgreina samkvæmt framlagi hvernar búgreinar í Bjargráðasjóð eins og það stóð við niðurlagningu B-deildar í samræmi við tilgang þáverandi B-deildar skv. lögum um Bjargráðasjóð nr. 49/2009 á grundvelli V. bráðabirgðaákvæðis laga um Bjargráðasjóð, sbr. 55. gr. laga nr. 126/2016.

Sjóðurinn er deildaskiptur eftir búgreinum og er ráðstöfun fjármuna bundin viðkomandi búgreinum, skv. grein 6.1.

3. gr.

Styrkhæfi

3.1 Sjóðurinn bætir tjón á búfé og afurðum búfjár vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa, þegar ásetningi eiganda eða umsjónarmanns verður ekki um kennt og eðlilegar varnir viðhafðar. Einnig er bætt uppskerutjón. Ekki er bætt tjón sem heyrir undir váttryggingar umsækjanda eða fæst með öðrum hætti.

3.2 Sjóðurinn styrkir fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón á búfé og afurðum sem falla undir gr. 3.1, þ.m.t. kynbótaverkefni og sjúkdómavarnir.

3.3 Umsækjendur geta aðeins sótt um í þann hluta sjóðsins sem sérgreindur er fyrir viðkomandi búgrein.

4. gr.

Aðild

4.1 Félagsmenn, einstaklingar og lögaðilar, sem ekki skulda gjaldfallin félagsgjöld í Bændasamtökum Íslands geta sótt um í sjóðinn.

4.2 Búgreinadeildir innan Bændasamtaka Íslands geta jafnframt sótt um styrki vegna fyrirbyggjandi aðgerða í landbúnaði skv. gr. 3.1.

5. gr.

Stjórn

5.1 Stjórn Bændasamtaka Íslands skipar þriggja manna stjórn sjóðsins, þ.e. formann og tvo meðstjórnendur til tveggja ára í senn.

5.2 Stjórn sjóðsins hefur með höndum alla framkvæmd úthlutana og sker úr um álitamál sem upp kunna að koma. Halda skal gerðabók um störf stjórnarinnar.

5.3 Stjórn sjóðsins skal gera stjórn Bændasamtaka Íslands grein fyrir styrkveitingum fyrir lok hvers almanaksárs.

6. gr.

Tekjur

6.1 Einu tekjur sjóðsins eru stofnfjárveiting sjóðsins að fjárhæð 114,1 milljón króna og greiðist af BÍ við stofnun hans en til frádráttar kemur 30% af stofnframlagi sem rennur til Bændasamtaka Íslands sem annast umsýslu sjóðsins. Stofnfé skiptist milli búgreina með eftirfarandi hætti:

Búgrein	Stofnframlag	Umsýslugjald BÍ	Til úthlutunar
Nautgriparækt	16.296.571	4.888.971	11.407.600
Sauðfjárrækt	9.128.364	2.738.509	6.389.855
Hrossarækt	8.794.932	2.638.480	6.156.452
Grávara	628.900	188.670	440.230
Æðarrækt	4.032.872	1.209.862	2.823.010
Eggjaframleiðsla	23.493.739	7.048.122	16.445.617
Alifuglarækt	6.620.310	1.986.093	4.634.217
Svínarækt	38.502.684	11.550.805	26.951.879

6.2 Ávaxta skal tekjur sjóðsins á sem bestan hátt hverju sinni samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Umsóknir

7.1 Umsóknir skulu berast stjórn sjóðsins með sannanlegum hætti innan þess tímaramma sem auglýstur er. Að lágmarki skal eftirfarandi koma fram:

- Nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer einstaklings og/eða lögaðila.
- Fjárhæð styrks sem sótt er um.
- Lýsing á starfsemi, tegund búrekstrar, t.d. skv. ISAT atvinnugreinaflokkun.
- Ástæður umsóknar, lýsing á bótagrundvelli skv. gr. 3.1 eða verkefni skv. gr. 3.2 og rökstuðningur fyrir því hvernig umsókn uppfyllir styrkhæfi.
- Bankareikningsnúmer.

7.2 Stjórn sjóðsins er heimilt að útbúa eyðublöð sem umsækjendur skulu fylla út og er heimilt að óska eftir frekari gögnum eftir því sem þörf er á hverju sinni.

7.3 Úthluta skal úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Stuðningur getur að hámarki numið 50% af heildarfjárfestingakostnaði umsóknar.

8. gr.

Reikningar

Ársreikningur sjóðsins skal lagður fram á Búnaðarþingi samkvæmt samþykktum Bændasamtaka Íslands.

9. gr.

Fyrirvarar

Allar greiðslur úr sjóðnum eru háðar ákvörðun stjórnar sjóðsins samkvæmt reglum þessum. Greiðsluskylda getur aldrei stofnast umfram innistæðu sjóðsins.

10. gr.

Önnur ákvæði

10.1 Breytingar á reglum þessum skal gera skriflega og eru þær háðar samþykki stjórnar Bændasamtaka Íslands.

10.2 Stjórn Bændasamtaka Íslands tekur ákvörðun um slit sjóðsins. Við slit sjóðsins renna fjármunir hans til Velferðarsjóðs Bændasamtaka Íslands, nema annað sé ákveðið af stjórn Bændasamtaka Íslands.

10.3 Til staðfestingar á reglum þessum ritar stjórn Bændasamtaka Íslands.

Reykjavík, dags. 10. ágúst 2021

Gunnar Þorgeirsson
formaður

Oddný Steina Valsdóttir
Varaformaður

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Halla Eiríksdóttir

Hermann Ingi Gunnarsson